



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 6 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á ViðVoginn, Djúpavogi. Fundarstaður: Langabúð, Djúpavogi.

Mættir voru: Vilhjálmur Jónsson, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson, Páll Baldursson, Jón Björn Hákonarson og Gauti Jóhannesson. Þórunn Egilsdóttir tók þátt í fundinum í gegnum fundarsíma.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundar SSA dags. 25. mars 2014. Fundargerðin samþykkt.
- b) Stjórnar SSNV, dags 26. febrúar, 3. mars og 8. apríl 2014. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
- c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 814. og 815. fundar. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
- d) Stjórnar SASS, 478. fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SSV dags. 15. apríl 2014. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Samgöngunefndar SSA dags. 7. apríl 2014. Fundargerðin samþykkt.

2. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Lagt fram bréf frá Hrafnkeli Freyr Lárussyni, þar sem farið er fram á styrk vegna rannsóknarverkefnis um austfíska fjölmiðla. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun SSA til verkefna eins og sótt er um styrk til. Stjórnin getur því ekki orðið við erindinu.
- b) Lagt fram bréf frá Gísla Sverri Árnasyni þar sem farið er fram á styrk til að standa að rannsókn um eyðibýli á Íslandi. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun SSA til verkefna eins og sótt er um styrk til. Stjórnin getur því ekki orðið við erindinu.
- c) Innanríkisráðuneytinu dags. 3. apríl 2014, þar sem kemur fram að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til landshlutasamtakana verði kr. 23,4 milljónir á samtök.
- d) Innanríkisráðuneytinu dags. 31. mars 2014 um skipan byggðamála og fleira. Ólafur Áki gerði grein fyrir fundi sem hann og Arnbjörg Sveinsdóttir sátu 11. apríl með stýrineti stjórnarráðsins um útfærslu á samningum milli ríkis og landshlutasamtakanna.
- e) Lögð fram umsögn bæjarstjórnar Fjarðabyggðar um drög að nýjum samþykktum fyrir SSA. Samþykkt að vísa málinu til aðalfundar SSA.

3. Umsagnir um frumvörp/þingsályktunartillögur:

- a) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016, 495. mál. Samþykktir aðalfundar SSA um samgöngumál hafa verið sendar nefndinni.
- b) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um umræðuskjal Póst- og fjarskiptastofnunar um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan hennar að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið. Samþykkt að Ólafur Áki og Jón Björn vinni umsögn um málið sem send verður framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4. Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði dagana 19. og 20. september 2014:

- a) Farið yfir tillögur að efni aðalfundar SSA sem haldinn verður 19. og 20. september nk. á Vopnafirði. Ólafur Áki stillir upp drögum að dagskrá í framhaldi af umræðum á fundinum og leggur fyrir næsta fund.

5. Önnur mál:

- a) Minningarsjóður Ragnhildar og Stefáns Péturssonar. Stjórnin fór yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 og samþykkti hann.
- b) Málefni Atvinnuþróunarsjóðs. Ólafi Áka falið að fara yfir málefni sjóðsins með framkvæmdarstjóra Austurbrúar.
- c) Ólafur Áki, Valdimar og Stefán Bogi fóru yfir málefni fundar sem þeir áttu með fulltrúum Eyþings 4. apríl sl. um almenningsamgöngur og önnur mál sem snúa að landshlutasamtökunum.
- d) Farið var yfir ályktun menningarráðs Austurlands dags. 16. apríl sl. um framkvæmd nenningsamninga. Þá var samþykkt að Ólafur Áki sendi sveitarfélögum á Austurlandi erindi þess efnis samstarfsamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál verði látinn gilda út árið 2014 eins og gert er ráð fyrir með nýjan menningarsamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þá var samþykkt að Ólafur Áki fari yfir stöðu verkefna á vegum sóknaráætlunar með framkvæmdarstjóra Austurbrúar.
- e) Fundur Landshlutasamtakana sveitarfélagana haldinn á Reykjanesi 12. – 13. júní nk. Samþykkti að Valdimar O. Hermannsson og Ólafur Áki Ragnarsson sæki fundinn.
- f) Farið var yfir fund sem fulltrúar úr stjórn SSA áttu með hluta þingmanna kjördæmisins um málefni Djúpavogs, Breiðdalsvíkur og Seyðisfjarðar. Ólafur Áki lagði fram minnisblað frá fundinum. Eftirfarandi samþykktir voru gerðar:

„ Stjórn SSA tekur undir þær áhyggjur sem koma fram í bókun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps á fundi 25. apríl sl. vegna stöðu atvinnamála. Í bókun sveitarstjórnar eru stjórnvöld hvött til að grípa nú þegar til aðgerða svo afstýra megi meiriháttar bakslagi í veiðum og fiskvinnslu á Djúpavogi. Í ljósi þess að bolfiskvinnsla hefur svo til lagst af í fjölda sjávarbyggða á



Austurlandi undanfarin ár er það mat stjórnar SSA að stjórnvöld verði að koma að málefnum sjávarbyggða á Austurlandi með það að markmiði að tryggja atvinnu sem byggð er á traustum grunni til framtíðar.“

„ Stjórn SSA hvetur þingmenn kjördæmisins til að boða til fundar með bæjarstjórn Seyðisfjarðar og forsvarsmönnum Smyril Line líkt og þeir boðuðu á fundi 23. apríl sl. á Egilsstöðum. Þegar af slíkum fundi verður óskar stjórn SSA eftir aðkomu að fundinum.“

g) Stjórnarmenn fóru í heimsókn í fiskvinnslu Vísis á Djúpavogi, eftir fund.

Fundi slitið kl. 16:00

Ólafur Áki Ragnarsson,